

Fundargerð

19. fundur svæðisráðs um strandsvæðisskipulag á Vestfjörðum.

26. September 2023 klukkan 13.00 í gegnum fjarfundarbúnað.

Mætt:

Magnús Jóhannesson (MJ), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Aðalsteinn Óskarsson (AÓ), Friðfinnur Skaftason (FS), Guðfinna M. Hreiðarsdóttir (GMH), Hafdís Sturlaugsdóttir (HS), Hjalti Jón Guðmundsson (HJG) og Lilja Magnúsdóttir (LM).

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAA), Ólafur Árnason (ÓÁ) og Hrafnhildur Magnúsdóttir sem ritaði fundargerð.

MJ setti fund og gengið var til dagskrár.

Samræmi strandsvæðisskipulags Vestfjarða við tillögu að starfsleyfi.

EAA fór yfir niðurstöðu umsagnar Skipulagsstofnunar um samræmi strandsvæðisskipulags Vestfjarða við tillögu að starfsleyfi Arctic Sea Farm í Ísafjarðardjúpi. Fyrirhuguð eldissvæði eins og þau eru sett fram í tillögu að starfsleyfi gera ráð fyrir að leyfi verði að hluta til inni á *almennri nýtingu*. Slík leyfisveiting þyrfti að uppfylla ákveðin skilyrði strandsvæðisskipulagsins þ.á.m. að ekki sé um að ræða þekkt/mikilvæga veiðislóð. Niðurstaða umsagnar Skipulagsstofnunar er að í ljósi gagna Hafrannsóknarstofnunar sé um þekkt veiðislóð að ræða og því þurfi og að óska eftir frekari upplýsingum og umsögnum.

Svæðisráðið var sammála því sjónarmiði Skipulagsstofnunar að rétt væri að leita umsagna þeirra sem nýta djúpið til veiða, til að ganga úr skugga um hvort um sé að ræða mikilvæga veiðislóð: Eldingar, samtaka smábátasjómannanna, Samtaka smærri útgerða (SSU) og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) og mögulega fleiri. Leitað verður til skrifstofu sjávarútvegs í Matvælaráðuneytinu um fleiri mögulega umsagnaraðila.

Fram kom áhersla á mikilvægi samtals, þess að halda hagsmunaaðilum upplýstum og fá fram sem flest sjónarmið.

Áhrif ofangreindra breytinga á ferðapjónustu eru ekki talin teljandi. Rætt var um áhættumat siglinga.

Einnig var rætt um hlutverk og stöðu svæðisráðs þegar kemur að breytingum á strandsvæðisskipulagi og væntanlegar breytingar á lögum í því efni.

Fleira var ekki rætt. Fundi var slitið 13.40.